

— — — —  
hornafjörður  
*náttúrulega!*

HEILDARSTEFNA SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR | 2026-2030



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR


# hornafjörður náttúrulega!

## HEIMSMARKMIÐIN


Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru samþykkt af aðildarríkjum þess og er með samstilltu átaki ætlað að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar.

Markmiðin 17 eru margþætt, metnaðarfull og mynda, með 169 undirmarkmiðum, samræmda heild innanlands og alþjóðlega.

Stefna Hornafjarðar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Byggt á áhættu og mikilvægisgreiningu sem unnin var fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á fjórtán heimsmarkmið og þau tengd við þrjár megin áherslupætti stefnunnar.



— — — —  
hornafjörður  
*náttúrulega!*



## FRAMTÍÐARSÝN

Sveitarfélagið er eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru. Fólk hefur hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta er framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar.


— — — —  
hornafjörður  
*náttúrulega!*

## GILDI



### VIRÐING

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og erum umburðarlynd fyrir fjölbreytileika íbúanna. Við berum einnig virðingu fyrir umhverfinu sem við búum í.



### FRAMSÆKNI

Við mætum framtíðinni með krafti, frumkvæði og nýsköpun og þorum að leita nýrra lausna jafnt í atvinnulífi sem og í menntun.



### SAMVINNA

Við höfum samvinnu, samstöðu og jákvæðni að leiðarljósi í öllum störfum okkar og vitum að saman erum við sterkari

— — — —  
hornafjörður  
*náttúrulega!*

## STOÐIR



---

### UMHVERFI

Sveitafélagið mun hafa umhverfismál í öndvegi með sjálfbærni, þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi.



---

### FÓLKIÐ

Tekur á velsæld íbúa og þeim samfélagslegu innviðum sem ýta undir heilbrigði, jöfnuð og gott mannlíf.



---

### ÞJÓNUSTA

Fjallar um þjónustu sveitarfélagsins bæði inn á við og út á við. Góðir stjórnarhættir, samskipti, siðferðisleg viðmið og framlag til samfélagsins.

# hornafjörður náttúrulega!



## UMHVERFIÐ

Sveitafélagið mun hafa umhverfismál í öndvegi með sjálfbærni, þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi.

## ÁHERSLA

### LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

Sveitarfélagið vinnur að því að samþætta umhverfislega sjálfbærni og loftslagsaðgerðir í öllum rekstri sveitarfélaga. Þetta felur í sér samstarf þvert á geira, stefnumótun og hagnýta framkvæmd aðgerða sem tengjast úrgangi, orku, samgöngum, skipulagi og seiglu.

## MARKMIÐ

### SJÁLFBÆRT OG VISTVÆNT SAMFÉLAG

- Efling hringrásarhagkerfisins og lágmörkun úrgangs.
- Ábyrgari auðlindanýting.
- Verndun og efling náttúru, líffræðilegrar fjölbreytni og útivistargæða.
- Öruggt, hreint og heilnæmt umhverfi.
- Sjálfbær skipulags- og mannvirkjagerð.
- Kolefnishlutlaus starfsemi sveitarfélagsins árið 2038.

### TENGLI VIÐ HEIMSMARKMIÐ



# hornafjörður náttúrulega!



## FÓLKID

Tekur á velsæld íbúa og þeim samfélagslegu innviðum sem ýta undir heilbrigði, jöfnuð og gott mannlíf.

### ÁHERSLA

#### SAMFÉLAG VELFERÐAR OG JÖFNUÐAR

Við viljum búa í velferðarsamfélagi með jöfnuð, heilbrigði og inngildingunni að leiðarljósi.

### MARKMIÐ

#### LEIÐANDI VELFERÐARSAMFÉLAG SEM TRYGGIR INNGILDINGU, JÖFNUÐ OG EFTIRSÓKNARVERÐ LÍFSGÆÐI

- Stuðla að heilbrigði og velsæld fyrir alla frá vöggunni til grafar.
- Verklag og stefnur sveitarfélagsins stuðla að jöfnuði og gagnsæi.
- Efla innra- og gæðamat í skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu.
- Efla sveitarfélagið sem fjölmenningsamfélag og hlúa að inngildingunni.
- Húsnæði og umhverfi skóla, frístunda og velferðarþjónustu til fyrirmyndar.

#### TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ



# hornafjörður

*náttúrulega!*



## ÞJÓNUSTA

Fjallar um þjónustu sveitarfélagsins bæði inn á við og út á við. Góðir stjórnarhættir, samskipti, siðferðisleg viðmið og framlag til samfélagsins.

### ÁHERSLA

#### GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA

Auka gæði, skilvirkni og aðgengi að þjónustu sveitarfélagsins með faglegri og notendamiðaðri þjónustu þar sem trygg upplýsingagjöf er í forgrunni.

### MARKMIÐ

#### ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS ER ÁBYRG OG SKILVIRK

- Skýr, aðgengileg og gagnsæ upplýsingagjöf og samskipti.
- Fagmennska og gæði í þjónustu.
- Þekking og starfsánægja.
- Skilvirkni og stafræn umbreyting.

#### TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ



— — — —  
hornafjörður  
*náttúrulega!*

